

**Sþ.**

**488. Tillaga til þingsályktunar**

[250. mál]

um breytingu á siglingalögum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Guðmundur Karlsson,  
Garðar Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við, kostnaðarins vegna, að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki.

**Greinargerð.**

Ákvæði siglingalaga um greiðslur vegna björgunar skipa og skipshafna eru á margan hátt úrelt orðin, enda margra áratuga gömul. Þau leiða oft til þess, að skipstjórnarmenn þurfa að hugsa sig um oftari en einu sinni áður en beðið er um aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki. Einnig ber að hafa það í huga, að óhapp, þar sem venjuleg aðstoð sýnist fullnægjandi, getur á skömmum tíma snúist upp í neyðartilfalli.

Hin miklu peningalegu sjónarmið, sem í málin blandast að óbreyttum lögum, eru mjög hvímléð, að ekki sé meira sagt.

Þegar skip, sem tryggt er eða endurtryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, bjargar öðru, sem einnig er tryggt eða endurtryggt hjá Samábyrgðinni, gilda allt aðrar og nútímalegri reglur um greiðslur fyrir veitta aðstoð eða björgun, og er þó hættan við slíka björgun fyrir björgunarskip og skipshafnir þeirra síst minni en í öðrum tilvikum. Ekki verður séð að þær reglur dragi á nokkurn hátt úr því, að björgunarmenn leggi sig alla fram.

Þegar íslensk fiskiskip, önnur en þau sem tryggð eru hjá Samábyrgðinni, aðstoða hvert annað eða bjarga, er gjarnan dregið verulega úr kröfum um björgunarlaun frá því sem ákvæði siglingalaga og dómur á þeim byggðir gefa tilefni til.

Önnur skip setja oftast fram ýtrustu kröfur um björgunarlaun og byggja þær á úreltum ákvæðum siglingalaga.

Þetta leiðir til þess, að verulegur munur getur orðið á kostnaði viðkomandi útgerðar eftir því, hvaða skip veitir umbeðna aðstoð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja nauðsynlegt, að strax fari fram endurskoðun á hinum forneskjulegu ákvæðum siglingalaga um greiðslur fyrir björgun skipa og skipshafna og að þær breytingar miði fyrst og fremst að því að tryggja sjófarendum bestu hugsanlegu aðstoð hvenær sem á þarf að halda.